

Nr. 049 / 12 Bjartur NK 121***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1278
Smíðaður: Niigata, Japan 1973, stál
Stærð: 461 brl. 658 brt.
Mesta lengd: 47,20 m Skráð lengd: 42,24m
Breidd: 9,5m dýpt: 6,5m
Vél: MaK 1472 kW
Fjöldi skipverja: 15



Bjartur©Hilmar Snorrason

Gögn:

Dagbók skipsins
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Atvikalýsing:

Þann 16. maí 2012 var Bjartur NK 121 á togveiðum á Austfjarðarmiðum. Veður: Hægviðri.

Skipverjar voru að skipta um stjórnborðs grandaravír á stjórnborðstrolli og var vírhönkin inni í stjórnborðs þilfarsgangi. Þegar vírinn úr hönkinni hafði runnið út slóst bugtin, sem eftir var á ganginum, í sveiflu yfir þilfarslunninguna og inn á trollþilfarið og lenti í skipverja sem þar var svo hann féll í þilfarið. Hann lenti harkalega á vinstri öxl og slasaðist en hélt áfram vinnu það sem eftir var túrsins en leitaði læknis er í land var komið.

Við rannsókn kom fram:

- að búið var að tengja efri enda nýja grandarans við leiðara inn á grandaraspilið frammar á þilfarinu. Þegar gamli grandarinn hafði verið lásaður í neðri enda þess nýrri var þetta látið renna niður skutrennuna á meðan skipið hélt hægri ferð áfram;
- að skutrennulokan var í eins metra hæð og lá vírinn yfir hana;
- að slasaði stóð bakborðsmegin við vírinn á trollþilfarinu og þegar grandarinn var að renna út þá fékk hann aðvörun frá skipverjum um að forða sér því vírinn gæti slegist í hann. Hann sá í hvað stefndi og ætlaði að stökkva yfir vírinn en í því sló vírinn fæturnar undan honum svo hann lenti á öxlinni á þilfarinu;
- að ekki var vanalegt að viðhafa víraskiptin á þennan hátt heldur var grandarahönkin venjulega höfð í rennunni.

Nefndarálit:

Nefndin telur orsök slyssins megi rekja til frábrigða frá venjulegu verklagi við víraskiptin.